



Verkefni Landsbyggðarvina *Framtíðin er núna!* – saga og ferli Samantekt

Höfundur samantektar
Svanborg R Jónsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Hugvit og sköpunarkraft er hægt að virkja til góðra verka

Höfundur verkefnisins *Framtíðin er núna!* er Fríða Vala Ásbjörnsdóttir

Forsíðumynd: Anna Sigríður Valdimarsdóttir

© Svanborg R. Jónsdóttir

Október 2018

Verkefni Landsbyggðarvina *Framtíðin er núna!* – saga og ferli. Samantekt

Menntavísindastofnun, Menntavísindasviðs HÍ

ISBN 978-9935-468-12-3

Efnisyfirlit

Formáli	4
Inngangur	5
Um félagið Landsbyggðarvini	6
Um Fríðu Völu	6
Lýsing á verkefninu Framtíðin er núna!	7
Markmið verkefnisins Framtíðin er núna!	7
Tvískipting verkefnisins: 1. Einstaklingsvinna og 2. Hópverkefni.....	8
VIÐAUKAR	12
Dæmi um Bréf til stjórnenda 2012-2013	12
Þátttökuskólar í unglíngaverkefninu 2011-2012	16
Verðlaunahafar í verkefni LBVRN vorið 2012	16
Niðurstaða og rökstuðningur fyrir vali bestu ritgerða 2011-2012.....	17
Blaðagrein að lokinni verðlaunaafhendingu 2012.....	19
Dæmi um dómnefndarálit: 2012 – Lokaverkefni.....	21
Dæmi um Verðlaunaverkefni og vinningshafa	22
Dæmi um auglýsingu fyrir verðlaunaafhendingu	23
Dæmi um dómnefndarálit í fyrri hluta.....	25
Dæmi um verðlaunaverkefni – Heimabyggðin mín skólaárið 2011-2012	27

Formáli

Hugsjónafélagið Landsbyggðavinir hefur nú starfað í 15 ár. Meginverkefni félagsins – *Framtíðin er núna!* – hefur verið að virkja grunnskólanemendur um allt land til að skapa tillögur um framfarir og nýsköpun í heimabyggð. Í þessari greinargerð Svanborgar R. Jónsdóttur er sagt frá þessu verkefni Landsbyggðavina á skýran og greinargóðan hátt.

Það skiptir máli fyrir framtíð landsbyggðanna – og landsins alls – að ungt fólk öðlist trú á framtíðarmöguleika, hugsi á jákvæðan og frjóan hátt um uppbyggingu og nýsköpun og setji fram hugmyndir sínar. Það skiptir líka máli að ungt fólk finni að það geti lagt sitt af mörkum til betra samfélags – og að á það sé hlustað. Það eflir lýðræðisþroska og vilja til þátttöku við að móta eigin framtíð.

Undanfarin ár hef ég setið í stjórn Landsbyggðavina og fylgst vel með framgangi verkefnisins. Það hefur verið heillandi að sjá sköpunarmátt og hugmyndaauði unga fólksins. Margar tillögurnar hafa verið prýðisvel unnar, frumlegar, jákvæðar – og raunhæfar. Sumum þeirra hefur verið hrundið í framkvæmd. Flestum hefur verið vel tekið af ráðamönnum í heimabyggð.

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir var helsti frumkvöðull að stofnun Landsbyggðavina og hannaði verkefnið *Framtíðin er núna!* Hún hefur verið lífið og sálin í starfseminni og á miklar þakkir skilið fyrir merkilegt brautryðjendastarf – og hún er enn að. Margir aðrir hafa líka lagt sitt af mörkum og skal þeim jafnframt þakkað.

Fjöldmörg fyrirtæki, samtök og opinberar stofnanir hafa stutt starfið fjárhagslega, oftast með litlum en mikilvægum framlögum. Án stuðnings þeirra hefði þetta góða starf ekki verið mögulegt.

Starf Landsbyggðavina undanfarin ár hefur verið mikilvægt og jákvætt. Megi svo verða áfram. *Framtíðin er núna!*

Ólafur Þ. Harðarson prófessor í stjórnmálafræði við HÍ.

Inngangur

Verkefni Landsbyggðarvina (e. **Friends of Rural Development** in Iceland) höfðar til grunnskólanemenda á aldrinum 12-17 ára og hét upphaflega: **Sköpunarkraftur – Heimabyggðin mín, Nýsköpun, Heilbrigði og Forvarnir**. Verkefnið varð 12 ára vorið 2017. Núverandi heiti þess er **Framtíðin er núna!**

Verkefnið Framtíðin er núna er gott dæmi um nýsköpunar- og frumkvöðlamente sem ástæða er til að kynna fyrir sem flestum sem er umhugað um þróun landsbyggðar á Íslandi og í raun á Íslandi öllu. Þó að verkefnið sé upphaflega sniðið fyrir ungt fólk á landsbyggðinni þá hentar það að mörgu leyti ekki síður fyrir ungt fólk í þéttbýli og borg ef það er kynnt þannig. Meginhugmyndin snýst um að hvetja ungt fólk á landsbyggðinni til að hanna hugmyndir og kynna þær um hvernig það sér möguleika til að efla eigin heimabyggð á fjölbreyttan hátt.

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir höfundur verkefnisins hefur fylgt því úr hlaði og ferðast um landið og fundað með skólafólki, áhrifamönnum, áhrifamönnum í heimabyggð og ungu grunnskólafólki á landsbyggðinni til að kynna það og hvetja til skapandi og frumlegra lausna við að efla heimabyggð. Í þessu hefti er verkefnið kynnt með það fyrir augum að sem flestir sem áhuga hafa geti framkvæmt það og tekið þátt í hugmyndasamkeppni Landsbyggðarvina eða efnt til héraðs- eða staðbundinnar keppni um hugmyndir af þessu tagi. Þó það sé ekki meginatriði í verkefninu að efna til keppni þá eru þær oft hvatning til að vera með og taka þátt og í leiðinni að finna mátt sinn og megin til að hafa áhrif á eigið samfélag.

Höfundur þessarar samantektar telur mikilvægt að læra af reynslu Fríðu Völu og nýta þær aðferðir sem hún hefur þróað og beitt og því verði þessi bæklingur stuðningur við skólafólk til að fara svipaðar leiðir og hún og í sama anda. Til að verkefnið verði sjálfbært þarf skólafólk vítt og breitt um landið að geta framkvæmt verkefnið á eigin spýtur og kunna þá eða hafa aðgang að upplýsingum um ferlið og hvaða hvatningaleiðir og kveikjur hún notaði í sínum heimsóknum um landið og kynningum á verkefninu.

Samantektinni í þessu hefti er ætlað að hjálpa kennurum og öðrum sem langar til að styðja ungt fólk til framtakssemi og nýsköpunar með því að hanna nýjar leiðir til að bæta samfélagið og kynna þær fyrir umheiminum. Heftið inniheldur lýsingu á Framtíðin er núna, sögu Félags landsbyggðarvina í stuttu máli, kynningu á Fríðu Völu höfundi verkefnisins, dæmi um kynningarbréf, auglýsingar um verðlaunaafhendingu og dæmi með lýsingu á verðlaunaverkefni.

Um félagið Landsbyggðarvini

Félagið var stofnað 1. nóvember 2003, sem haldin var í Norræna húsinu undir heitinu *Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni*. Fundarstjóri: Jónas Jónsson, fv. Búnaðarmálastjóri.

Fyrsta stjórn Landsbyggðarvina var kosin á stofnfundinum:

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir, kennari var kosin formaður

Díana Sigurfinnsdóttir, framleiðslustjóri hjá Prentsmiðjunni Odda

Guðjón Ingvi Stefánsson, gjaldkeri

Karl Stefánsson, skrifstofustjóri hjá MS, ritari

Pór Vilhjálmsson, lagaprófessor HÍ, meðstjórnandi

Á aðalfundi félagsins 2014 var nafnið stýtt formlega í – **Landsbyggðarvini** (LBV). Meginverkefni LBV hefur verið að framkvæma verkefnið sem nú heitir *Framtíðin er núna!* unglingsverkefni, sem nær til efstu bekkinga grunnskólans, vítt og breitt um landið. Hugmyndin að verkefninu kviknaði gegnum þátttöku Fríðu Völu í samtökunum *Hela Norden skal leva* og vinnu hennar með nemendum sem höfðu átt erfitt uppdráttar í skólakerfinu.

Félagar í Landsbyggðarvinum eru allir hugsjóna- og áhugafólk um jákvæða þróun í landinu öllu, betra Íslandi. Aðferðarfræði okkar beinist aðallega að starfsemi með ungmennum grunnskólans um allt land, í verkefnavinnu, þar sem áhersla er lögð á að draga fram hugmyndir ungmenna um betri heimabyggð, bæði í borg og á landsbyggð. Eins viljum við stuðla að betra samstarfi og auknum skilningi á því, sem borgin hefur jákvætt upp á að bjóða og því, sem landsbyggðin hefur fram að færa. Allt með gagnkvæmum áhuga og virðingu ásamt ávinningi fyrir samfélagið í heild.

Starfsemi Landsbyggðarvina byggist á góðri samvinnu, þar sem verkefnið nýtur góðs af öflugum félagsmönnum og góðri tengingu við framsækin opinber fyrirtæki og stofnanir sem og einkarekin, bæði í borg og byggð. Þess vegna hefur félagið getað greitt fyrir tvo aðila frá þeim skólum sem hljóta verðlaun, til að ferðast þangað sem sjálf verðlaunaafhendingin fer fram. Félagið heldur úti heimasíðunni Landsbyggðarvinir: <http://landsbyggdarvinir.is/>

Um Fríðu Völu

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir á hugmyndina að verkefninu og er hönnuður þess og skipuleggjandi sem og aðalstjórnandi hjá LBV. Fríða Vala á að baki farsælan feril sem kennari, aðallega við Réttarholtsskóla í Reykjavík. Auk kennaramenntunar og prófs frá Verzlunarskóla Íslands lauk hún prófi í næringarfræði frá Háskólanum í Árósum. Þá lauk hún BA námi í heimilishagfræði frá Kennaraháskóla Íslands og menntun í hússtjórnarkennslu. Einnig hefur hún starfað sem yfirmaður sjúkrafæðis á Borgarspítalanum í Fossvogi um árabíl. Hún hannaði m.a. verkefnið Nordic Milk, sem var innan verkefna um „Ny nordisk mad“ á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Hún hefur verið í forystu samtakanna Landsbyggðin lífi og Landsbyggðarvinum.

Lýsing á verkefninu Framtíðin er núna!

Verkefnið Framtíðin er núna var sett af stað í kjölfar stofnunar félagsins Landsbyggðarvinir. Höfundur þess Fríða Vala Ásbjörnsdóttir hefur drifið það áfram, sent kynningarbréf, sótt um styrki og fundið samstarfsaðila vítt og breitt um landið.

Verkefnið hefur verið þannig framkvæmt að völdum skólum á landsbyggðinni hefur verið boðið að taka þátt í því og hafa skólastjórar fengið skriflegt boð um það. Smám saman hefur þróunin orðið sú að skólum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið boðið að taka þátt í anda þess að sem flest ungt fólk á Íslandi fái tækifæri til að upplifa áhrifamátt sinn til að bæta eigið nærsamfélag.

Verkefnið gengur út á að hvetja efstu bekkingar grunnskólans til að stuðla að betra nærumhverfi og móta hugmyndir til að efla þeirra heimabyggð. Vinnan sé unnin út frá þeim sjálfum og á þeirra eigin forsendum, bæði í nútíð og framtíð, með áherslu á þau tækifæri, sem bjóðast og sem þau greina. Þau taka síðan þátt í úrvali LBV þar sem vegleg verðlaun eru í boði fyrir þá hugmynd sem gefur fyrirheit um bestu umbæturnar.

Markmið verkefnisins Framtíðin er núna!

- Að hvetja ungt fólk til að hugsa um heimabyggð sína út frá þeim tækifærum sem þar bjóðast og miða að því að gera heimabyggðina að betri stað að búa á og eftirsóknarverðari stað til að flytjast til
- Að hver og einn fái notið sín á eigin forsendum, að *frumkvæði* komi frá *þátttakendum sjálfum*
- Að efla sköpunargleði ungs fólks
- Að unga fólk geti kynnst öðruvísi og betur heimabyggð sinni og finni að það geti haft áhrif, að á það sé hlustað og um leið verði það að hæfari einstaklingum til lýðræðislegrar þátttöku.

Megináherslan er að gera heimabyggðina, nærumhverfið, að betri stað til að búa á og eftirsóknarverðari til að flytjast til. Einnig er lögd áhersla á að hver og einn fái notið sín á eigin forsendum og að frumkvæðið komi frá þátttakendum sjálfum. Um leið komast þátttakendur ekki hjá því að kynnast heimabyggð sinni með öðrum hætti en verið hefur, því að þeir þurfa að leita upplýsinga (hjá sér eldra fólk – afa og ömmu - yfirvöldum), greina hlutina og hugsa upp á nýtt, hvað megi fara betur og hvernig þeir (krakkarnir) sjálfir geti stuðlað að því, að ofangreindu takmarki sé náð.

Hér er því **stefnt að hugarfarsbreytingu**, þ.e. í stað þess að vera kannski aðfinnslusamir og finnast, að aðrir eigi að gera hlutina fyrir mann, fara krakkarnir að líta í eigin barm og spyrja sjálfa sig, hvað þeir geti sjálfir lagt af mörkum með aðstoð þeirra, sem eldri eru.

Sem sagt, uppbyggilegur hugsunargangur ásamt samhjálpi. Samstarf fer að skipta þátttakendur meira máli en aðfinnsla og „einleikur“ hvers og eins! Um leið verða viðkomandi hæfari til lýðræðislegrar þátttöku.

Það geta í raun allir áhugasamir kennarar sinnt þessu verkefni og er oft sterkur leikur að vinna með öðrum kennara. Fríða Vala hefur sagt að:

Íslensku-, lífsleikni- og samfélagskennarar sem og aðrir þeir kennarar, sem þykir vænt um krakkana, hafa áhuga og einhvern tíma aflögu, eru einkar heppilegir til að halda utan um verkefnið. „Við höfðum þetta verkefni sem hluta af nýsköpunarkennslunni,“

er meðal þeirra skilaboða, sem við, Landsbyggðarvinir, fáum að heyra frá sumum skólastjórum hin síðari ár.

Verkefnið miðar að því að unga fólkið í landinu gaumgæfi eigin málefni og málefni byggðar sinnar, velti fyrir sér framtíðarmöguleikunum og geri sér grein fyrir, hvað það geti lagt af mörkum. Allt í von um að það efli bjartsýni, bæti vellíðan og styrki sjálfsmynd fólksins, og þar með framgang atvinnu- og menningarlífs á hverjum stað og samfélagsins í heild. Æskilegt er að nemendur eigi gott samstarf við eldra fólk, t.d. afa og ömmur, þegar þeir fara að vinna verkefnið.

Í verkefninu gefst unga fólkinu tækifæri til að virkja hug og hönd; koma fram með hugmyndir sínar og fylgja þeim eftir á eigin forsendum. Lögð er áhersla á að tengja saman ólíka aðila, stuðla að sýnileika heimabyggðarinnar, greina það sem gott er, halda því á lofti og vera stoltur af!

Undirliggjandi markmið verkefnisins er m.a. að stuðla að því, að unga fólkið ljúki námi og síðast en ekki síst, að unga fólkið leiti aftur til heimabyggarinnar eftir að skólagöngu lýkur. Teljum við hér vera um að ræða nýja aðferð til að vekja áhuga unga fólksins á heimabyggð sinni, efla dómgreind og frumkvæði nemenda.

Að mati margra skólastjóra er verkefnið góð viðbót við hefðbundið skólanám. Auðveldlega má sjá tengsl í slíku verkefni við alla sex grunnþætti menntunar: Sjálfbærni, sköpun, læsi, lýðræði, jafnrétti og heilsa og heilbrigði. Í þessu verkefni verða nemendur sjálfir að hafa frumkvæði – sem er nýjung í hefðbundnu skólastarfi. Í hefðbundnu skólastarfi er oftast boðið upp á, að nemendur séu viðtakendur eða þiggjendur. Farsæld til framtíðar (sjálfbær þróun) byggist á gagnrýnni hugsun, skapandi og lausnamiðaðri hugsun, frumkvæði og markvissri ákvörðunartöku hvers og eins.

Skólarnir, sem taka þátt í verkefninu, eru sérstaklega valdir með góða dreifingu á landsvísu í huga. Í framkvæmd LBV á verkefninu er miðað við tvo skóla frá hverjum landshluta, og geta þátttökuskólar verið allt að 12 (að meðtöldum Vestfjörðum og stór Reykjavíkursvæðinu).

Tvískipting verkefnisins: 1. Einstaklingsvinna og 2. Hópverkefni

Verkefnið er í tveimur hlutum eins og það hefur verið framkvæmt hjá LBV. Reiknað er með, að verkefnið nái yfir heilt skólaár, þótt hægt sé að taka það sem þemaverkefni

Fyrri hluti: Einstaklingsvinna

Fyrri hlutinn er einstaklingsvinna. Áhersla er lögð á að fá fram góðar hugmyndir sem stuðla að nýsköpun í heimabyggð, hvort sem það er á sviði velferðar og forvarna, atvinnulífs eða tekjuöflunar fyrir sveitar- eða bæjarfélagið. Þátttakendum eru gefnar frjálssar hendur með framsetningu á hugmyndum sínum en mikilvægt er að framsetningin sé skýr, skiljanleg og í stuttu máli.

Reynslan sýnir, að ritgerðarformið, tvær til fjórar blaðsíður af stærðinni A-4 með leturstærðinni 14, hefur gefist vel.

Einnig er unnt að senda inn góðar hugmyndir í öðru formi, til dæmis á myndböndum, er þá miðað við 10 mínútna sýningartíma, eða á talglærum, sem mega þá vera allt að 10 talsins. Sá kennari, sem heldur utan um verkefnavinnuna í skólanum, er ábyrgðarmaður og tengiliður verkefnisstjóra LBV.

Fyrri hlutinn hefst gjarnan með heimsókn frá verkefnisstjóra LBV í upphafi skólaársins. Verkefnisstjóri fer þá yfir ferli verkefnisins og myndar tengsl við tilvonandi samstarfsfólk (skólastjóra, kennara, nemendur og aðra sem taka þátt). Aðal hugmyndin með heimsókninni er að hvetja „liðið“ áfram – blása því í brjóst löngun til að bregðast við ákallinu um eða tækifærinu til að móta hugmyndir sem efla samfélag þeirra.

Sá kennari, sem heldur utan um verkefnavinnuna í skólanum, er ábyrgðarmaður og tengiliður verkefnisstjóra LBV. Er þeim kennara ætlað að senda verkefnisstjóra LBV einungis þrjú til fjögur bestu verkefni (gjarnan í þrítítti) frá sínum skóla sem fara í „sérstakt úrval“ á landsvísu. Verkefnisstjóri LBV kemur þeim til þriggja óháðra dómnefndarmanna sem fá ákveðin tíma til að fara yfir verkefni.

Aðalmaður í dómnefnd skilar verkefnisstjóra LBV sýrslu dómnefndar og les hana upp sjálfur við hátíðlega athöfn sem fer fram í Háskólanum í Reykjavík, HR (fyrri hlutinn), og í Norræna húsinu (síðari hluti) lokaathöfn að vori. Í fyrri hlutanum eru viðurkenningar veittar í formi bóka.

Seinni hluti: Hópverkefni

Síðari hlutinn er hópverkefni. Til dæmis þrír, fjórir eða fimm nemendur saman og felst í útfærslu á bestu hugmyndum sem komu fram í fyrri hlutanum og gefa fyrirheit um betri og lífvænlegri heimabyggð. Best yrði ef næðist að framkvæma hugmyndina. Síðan velur hver skóli eina til þrjár bestu lausnir til mats fyrir dómnefnd LBV, sem mætir á staðinn.

Verkefnisstjóri LBV fylgist með framgangi verkefnisins í hverjum þátttökuskóla fyrir sig, og aðstoðar eftir því sem við á. Hann sendir tölvupósta til viðkomandi umsjónarkenna sem og á skólastjóra. Viðkomandi skólastjóri hefur sama háttinn á, þ.e. að senda þá tölvupósta sem hann sendir verkefnisstjóra LBV einnig á umsjónarkennara verkefnisins í sínum skóla. Stundum eru fleiri kennarar þátttakendur frá sama skóla. Oftast er þá einn þeirra tengiliður verkefnisstjóra LBV og sér um að senda öll verkefni inn fyrir tilsettan tíma.

Hver skóli fær að vita tímanlega hvenær búast má við að dómnefnd frá LBV mæti á staðinn (einn til tveir menn auk verkefnisstjóra). Áður er skólastjóri búinn að velja einn góðviljaðan og víðsýnan mann eða konu úr atvinnulífinu í heimabyggð (sem þriðja mann í dómnefnd). Oft er það gert í samráði við verkefnisstjóra LBV.

Verkefnisstjóri LBV hvetur gjarnan til þess að gera úttektina að sérstökum „viðburði“ fyrir heimafólkið þar sem nemendur kynna hugmyndir sínar. Þetta er mikilvægur hluti af ferlinu, ekki síst fyrir krakkana því með því að bjóða foreldrum, öfum og ömmum, sveitarstjóra og öðrum þeim, sem ákvarðanir taka fyrir viðkomandi stað – fá þau að heyra og upplifa, hvað nemendurnir hafa fram að færa. Nemendur sjá sem mest um athöfnina, frá upphafi til enda, þótt skólastjóri eða umsjónarkennari verkefnisins taki þar fyrst til máls með nokkur inngangsorðum og bjóði gesti velkomna.

Eftir að nemendur hafa lokið kynningum sínum, á dómnefnd fyrst aðgang að þeim með ýmsar spurningar, síðan aðrir úr sal. Síðan yfirgefur dómnefnd staðinn (10 mínútur eða svo) til að ber saman bækur sínar. Á meðan standa nemendur fyrir svörum og kaffi og meðlæti er fram reitt.

Stuttu seinna kemur dómnefnd aftur fram og formaður dómnefndar tilkynnir úrskurð nefndarinnar og rökstyður sitt mál. Allir hóparnir sem kynnt hafa verkefni sín fá strax leiðbeiningar hjá formanni dómnefndar, sem leiðbeinir þeim áfram með framkvæmd í huga. Í lokin segir verkefnisstjóri LBV nokkur orð.

Verkefnisstjóri eða formaður dómnefndar safnar saman helstu hugmyndum og útfærslum þeirra og setur „í pott“ sem dómnefnd fer aftur yfir til að vega og meta hvaða hugmynd sé til mestrar fyrirmyndar. Fær sú mynd viðurkenningu í formi peninga og umsagnar þar sem

styrkleikar hennar eru dregin fram. Í sumum skólum eru verðlaunapeningarnir notaðir til að framkvæma verkefnið eða þeim er skipt strax milli þeirra nemenda sem standa að viðkomandi verkefni. Skólastjóri er hafður með í ráðum.

Að lokum heimsækir verkefnisstjóri LBV gjarnan viðkomandi sveitarstjóra ef tími vinnst til. Tilgangurinn með þeirri heimsókn er að heyra eitthvað um þá þætti sem sveitarstjórn leggur mesta áherslu á miðað við fimm ára áætlun. Reynslan hefur sýnt að margvíslegir nemendur hafa fengið tækifæri til að blómstra og ná góðum árangri í þessari vinnu. Lokapunkturinn er svo uppskeruhátíð sem fer fram með hátíðlegri athöfn í Reykjavík (sjá dæmi um dagskrá í VIÐAUKUM).



Mynd 1 Horft til bjartar framtíðar (mynd af heimasíðu LBV)

Útfærsla hugmyndaðar nemenda má vel vera samsett úr fleiri ólíkum þáttum, t.d. tónlist, leikþætti eða fundi sveitarstjórnarmanna, þar sem viðkomandi þættir tengjast ákveðinni grunnhugmynd, jafnvel með gerð myndbands til nánari skýringar eða einhver uppákoma, t.d. árshátíð eða íbúðing, sem haldið væri bæði í gamni og alvöru, þar sem tekið væri á málum, sem efst væru á baugi eða sem væru mikilvæg fyrir viðkomandi stað. Til dæmis hvernig hægt væri að stuðla að fólksjölgun á svæðinu, fjölbreyttara mannlífi og eða atvinnulífi. Þannig geta fleiri komið að sömu hugmynd, t.d. tveir nemendur úr 8. bekk með nemanda eða nemendum úr 10. bekk, sem e.t.v. á eða eiga hugmyndina en hafa takmarkaðan tíma til að útfæra hana en geta mögulega komið að stjórnun hugmyndaðarinnar að hluta til.

Verkefnið mætti einnig framkvæma sem þemaverkefni:

Sé ætlunin að taka verkefnið sem þemaverkefni, sem stendur aðeins yfir í nokkra daga, hentar ekki að hafa sérstaka athöfn við skil fyrri hlutans, hugmyndavinnunnar. Það þýðir ein athöfn í stað tveggja miðað við heilsársverkefni. Að öðru leyti fellur verkefnið undir sömu reglur og eiga við í síðari hlutanum. LBV reynir að sjá til þess að dómnefnd mæti á staðinn, þegar kallið kemur við lok síðari hlutans.

Verkefnisstjóri LBV heimsækir skólana sem taka þátt í upphafi og heldur fund með nemendum og kennurum þar sem hún hvetur þau áfram og blæs þeim í brjóst löngun til að bregðast við ákallinu um að móta hugmyndir sem efla samfélagið þeirra. Slík hvatningarorð má hugsa sér að einhverjir þekktir einstaklingar eða frumkvöðlar úr samfélaginu myndu bera þeim ef LBV getur ekki sent fulltrúa.

Fríða Vala hefur í sinni nálgun hvatt aðila úr sveitarstjórn, formenn helstu félaga (kven- eða skógræktarfélags eða annarra staðbundinna félagasamtaka) til að koma og hlusta á hana, þegar hún leggur upp verkefnið með krökkunum og starfsfólki viðkomandi skóla. Markmiðið með þessu er að auðvelda krökkunum aðgang að því fólki, ef vill. Eins er þessu sama fólki boðið að vera viðstatt við lokaúttekt að vori.

VIÐAUKAR

Dæmi um Bréf til stjórnenda 2012-2013

Verkefni Landsbyggðarvina

Sköpunarkraftur

Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir

Skólaárið 2012 – 2013

Ágæti viðtakandi!

Landsbyggðarvinir munu á komandi skólaári standa fyrir verkefninu *Sköpunarkraftur* (yfirtitill) *Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir* (undirtitill), áttunda árið í röð. Verkefnið er ætlað grunnskólanemendum á aldrinum 12-16 ára og er markmið þess að hvetja ungt fólk til að hugsa um heimabyggð sína út frá þeim tækifærum sem þar bjóðast, auk þess að vera um leið þroskandi og skemmtileg viðbót við hefðbundið skólanám. Verkefnið er unnið í góðri samvinnu við skólastjóra og kennara.

1. Um verkefnið.

Reiknað er með, að verkefnið nái yfir heilt skólaár, þótt hægt sé að taka það sem þemaverkefni.

Verkefnið miðar að því að unga fólk í landinu gaumgæfi eigin málefni og málefni byggðar sinnar, velti fyrir sér framtíðarmöguleikum og geri sér grein fyrir, hvað það geti lagt af mörkum. Allt í von um að það eflí bjartsýni, bæti vellíðan og styrki sjálfsmynd fólksins, og þar með framgang atvinnu- og menningarlífs á hverjum stað og samfélagsins í heild. Æskilegt er að nemendur eigi gott samstarf við eldra fólk, t.d. afa og ömmur, þegar þeir fara að vinna verkefnið.

Í verkefninu gefst unga fólkinu tækifæri til að virkja hug og hönd; koma fram með hugmyndir sínar og fylgja þeim eftir á eigin forsendum. Lögð er áhersla á að tengja saman ólíka aðila, stuðla að sýnileika heimabyggðarinnar, greina það sem gott er, halda því á lofti og vera stoltur af! Undirliggjandi markmið verkefnisins er m.a. að stuðla að því, að unga fólk í ljúki námi og síðast en ekki síst, að unga fólk leiti aftur til heimabyggðarinnar eftir að skólagöngu lýkur. Teljum við hér vera um að ræða nýja aðferð til að vekja áhuga unga fólksins á heimabyggð sinni, efla dómgreind og frumkvæði nemenda.

Að mati margra skólastjóra er verkefnið góð viðbót við hefðbundið skólanám. Þá passar verkefnið vel inn í þá nýju stefnu Menntamálaráðuneytisins í skólamálaum, þar sem í nýrri skólanámsskrá er lögð áhersla á „lýðræðismenntun“ og sjálfbærni sbr. Menntun til sjálfbærrar þróunar, þ.e. að í þessu verkefni verða nemendur sjálfir að hafa frumkvæði – sem er í sjálfu sér ný þróun í hefðbundnu skólastarfi. Í venjulegu skólakerfi er meira boðið upp á, að nemendur séu viðtakendur/þiggjendur. Farsæld til framtíðar (sjálfbær þróun) byggist – að okkar mati - meira á gagnrýnni hugsun, frumkvæði og rétttri ákvörðunartöku hvers og eins. Skólarnir, sem taka þátt í verkefninu, eru sérstaklega valdir með góða dreifingu á landsvísu í huga. Miðað er við tvo skóla frá hverjum landshluta, og geta þátttökuskólar verið allt að 12 (að meðtöldum Vestfjörðum og stór Reykjavíkursvæðinu).

Verkefnið er tvískipt:

Fyrri hlutinn er einstaklingsvinna. Áhersla er lögð á að fá fram góðar hugmyndir sem stuðla að nýsköpun í heimabyggð, hvort sem það er á sviði velferðar og forvarna, atvinnulífs eða tekjuöflunar fyrir sveitar- eða bæjarfélagið. Þátttakendum eru gefnar frjálsar hendur með framsetningu á hugmyndum sínum en mikilvægt er að framsetningin sé skýr, skiljanleg og í stuttu máli. Reynslan sýnir, að ritgerðarformið, tvær til fjórar blaðsíður af stærðinni A-4

með leturstærðinni 14, hefur gefist vel. Einnig er unnt að senda inn góðar hugmyndir í öðru formi, til dæmis á myndböndum, er þá miðað við 10 mínútna sýningartíma, eða á talglærum, sem mega þá vera allt að 10 talsins. Sá kennari, sem heldur utan um verkefnavinnuna í skólanum, er ábyrgðarmaður og tengiliður verkefnisstjóra. **Skilafrestur** í fyrri hlutanum er til 17. desember 2012, póststimpill gildir. Um er að ræða 1-3 ritgerðir frá hverjum skóla sem skal skila til verkefnisstjórans, Fríðu Völu Ásbjörnsdóttur, Austurgerði 11, 108 Reykjavík. Afhending viðurkenningar fyrir þrjár bestu ritgerðir á landsvísu fer svo fram að nokkrum vikum liðnum. Verðlaun í fyrri hlutanum eru bækur.

Dómnefnd fyrri hlutans skipa:

Þórólfur Þórlindsson, prófessor
Svala Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur

Varamenn:

Guðrún Jónsdóttir, arkitekt
Eygló Bjarnardóttir, lífeindafræðingur

Viðurkenningar verða veittar á sérstakri verðlaunaafhendingu. Upplýsingar um verðlaunaafhendingu 2012 (fyrri hluta) má finna á heimasíðu Landsbyggðarvina, www.landsbyggdarvinir.is, en þá hlutu verðlaun nemendur úr Reykhólaskóla, Auðarskóla í Dölum, auk þess að einn nemandi í Lækjarskóla í Hafnarfirði fékk þar viðurkenningu.

Kostnaður. Starfsemi Landsbyggðarvina byggist á góðri samvinnu, þar sem verkefnið nýtur góðs af öflugum félagsmönnum og góðri tengingu við framsækin opinber fyrirtæki og stofnanir sem og einkarekin, bæði í borg og byggð. Þess vegna höfum við getað greitt fyrir tvo aðila frá þeim skólum sem hljóta verðlaun til þess staðar, þar sem sjálf verðlaunaafhendingin fer fram. Boðið upp á ferðir eins og fram hefur komið hér á undan, ásamt því að geta stundum greitt götu fyrir góð verkefni til framtíðar litið. Höfum við fullan áhuga á að halda því áfram.

Síðari hlutinn er hópverkefni. Til dæmis þrír, fjórir eða fimm nemendur saman og felst í útfærslu á bestu hugmyndum sem komu fram í fyrri hlutanum og gefa fyrirheit um betri og lífvænlegri heimabyggð. Best yrði ef næðist að framkvæma hugmyndina. Síðan velur hver skóli 1 til 3 bestu lausnir til mats fyrir dómnefnd, sem mætir á staðinn. Útfærslan má vel vera samsett úr fleiri ólíkum þáttum, t.d. tónlist, leikþætti eða fund sveitarstjórnarmanna, þar sem viðkomandi þættir tengjast ákveðinni grunnhugmynd, jafnvel með gerð myndbands til nánari skýringar eða einhver uppákoma, t.d. árshátíð eða íbúabýing, sem haldið væri bæði í gamni og alvöru, þar sem tekið væri á málum, sem efst væru á baugi eða sem væru mikilvæg fyrir viðkomandi stað. Til dæmis hvernig hægt væri að stuðla að fókssjölgun á svæðinu. Þannig geta fleiri komið að sömu hugmynd, t.d. tveir nemendur úr 8. bekk með nemanda eða nemendum úr 10. bekk, sem e.t.v. á eða eiga hugmyndina en hafa takmarkaðan tíma til að útfæra hana en geta mögulega komið að stjórnun hugmyndarinnar að hluta til.

Skilafrestur í síðari hlutanum er strax eftir páskafrí 2013. Lokaverðlaunaafhending verður í lok skólaársins.

Dómnefnd síðari hlutans skipa:

Hildur B. Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfraeði- og rannsóknþjónustu hjá Menntasvið Reykjavíkurborgar, Ólafur Hersisson, arkitekt og einn maður úr atvinnulífi í viðkomandi heimabyggð. Varamenn: Guðrún Jónsdóttir, arkitekt og Eygló Bjarnardóttir, lífeindafræðingur.

Verðlaun í síðari hlutanum:

- a) Eiguleg flík
- b) Annað í samráði við viðkomandi skólastjóra, umsjónarkennara, verðlaunahafa og eftir efnum og ástæðum félagsins, *Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni*.

Verkefnið sem þemaverkefni:

Sé ætlunin að taka verkefnið sem þemaverkefni, sem stendur aðeins yfir í nokkra daga, hentar ekki að hafa sérstaka athöfn við skil fyrri hlutans, hugmyndavinnunnar. Það þýðir ein athöfn í stað tveggja miðað við heilsársverkefni. Að öðru leyti fellur verkefnið undir sömu reglur og eiga við í síðari hlutanum. Dómnefnd reynir að mæta á staðinn, þegar kallið kemur við lok síðari hlutans!

2. Um félagið og ábyrgðarmann verkefnisins.

Félagið, Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni, LBVRN, var stofnað árið 2003. Fyrsta starfsár verkefnisins *Heimabyggðin mín*, um umbætur í nærumhverfinu á vegum félagsins, var árið 2004 – 2005. Síðan hefur verkefnið náð að vaxa og dafna með hverju ári og orðspor þess vaxið. Mikil vinna hefur verið lögð í þetta verkefni og er það rauði þráðurinn í starfsemi félagsins. Verkefnið er í árlegri endurskoðun. Árið 2009 var verkefnið tilnefnt til íslensku menntaverðlaunanna. Sú viðurkenning hvetur okkur, Landsbyggðarvini, til að leggja okkur meira fram og gera enn betur.

Stjórn Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni 2012 – 2013 skipa: Formaður: **Fríða Vala** Ásbjörnsdóttir, kennari Gjaldkeri/Ritari: **Björn H. Halldórsson**, verkfræðingur og framkvæmdastjóri SORPU og **Birna Dröfn** Birgisdóttir, Ph.D. nemi í félagsvísindum við Háskóla Íslands. Meðstjórnendur: **Unnur Birna** Vilhjámsdóttir, mastersnemi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og **Valgeir** Guðjónsson, tónlistarmaður, auk þess hefur Ragnar Sigurðsson, ritstjóri Austurgluggans og félagi í **Landsbyggðarvinum**, tekið að sér að sjá um heimasíðu *Landsbyggðarvina* undir slóðinni: www.landsbyggðarvinir.is

Helstu styrktaraðilar Landsbyggðarvina eru: Reykjavíkurborg, Flugfélag Íslands, Bílaleiga Akureyrar, Mannvit hf, Íslenska Gámafélagið, Icelandic Glacial, Íslandsbanki, Skógræktarfélag Íslands, Norræna húsið, Ferðafélag Íslands, A-4, Vodafone, Búrið (sérverslun með osta). Einnig hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Innanríkisráðuneytið lagt verkefninu til lítilsháttar fjárstuðning. Að auki er verkefnið unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, en Háskólinn í Reykjavík og Nýsköpunarmiðstöð Íslands koma líka þar að málum.

Þá leggja Landsbyggðarvinir áherslu á gótt samstarf við menntamálaráðuneytið. Guðni Olgeirsson, sérfræðingur í skólamálum hjá ráðuneytinu er mjög sáttur við verkefnið og hefur reynt að greiða götu þess, t.d. með því að benda á, að heppilegt geti verið að hafa gott samstarf við skólaskrifstofur úti á landi við framkvæmd verksins. Guðni segir um verkefnið: „Fint framtak.“

Í tengslum við aðalfund Landsbyggðarvina 2010 undirrituðu 5 ráðherrar stuðningsyfirlýsingu við verkefnið, **“Í átt að betri framtíð á Íslandi”**. Þar sem Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni hafa náð að styrkja stöðir verkefnisins með undirritun formlegs samstarfssamnings við nokkur framsækin og vel rekin fyrirtæki í Reykjavík, oftast að viðbættu fjárframlagi eða ígildi þess, jafnvel til fimm ára fram í tímann, má líta svo á, að verkefnið standi traustum fótum. Að auki ýtir sú tilhögun undir að félagið geti opnað dyr fyrir frekari framgangi hagnýtra verkefna sem koma fram hjá unga fólkinu. Þetta samstarf byggir á gagnkvæmri virðingu, trú á málefnið og umhyggju beggja aðila.

Ábyrgðarmaður verkefnisins Heimabyggðin mín og verkefnisstjóri er Fríða Vala Ásbjörnsdóttir. Hún á hugmyndina að verkefninu og er „hönnuður“ þess og skipuleggjandi sem og aðalstjórnandi. Fríða Vala á að baki farsælan feril sem kennari, aðallega við Réttarholtsskóla í Reykjavík. Einnig hefur hún starfað sem yfirmaður sjúkræfæðis á Borgarspítalanum í Fossvogi. Hún hannaði t.d. verkefnið Nordic Milk, sem var innan verkefna um „*Ný nordisk mad*“ á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Það verkefni hefur svo opnað dyr að öðrum samnorrænum verkefnum t.d. á vegum áðurnefndrar nefndar og núna síðast Norræna hússins, *Ungt fólk og íslenskar nytjajurtir*.

Fríða Vala tók virkan þátt í starfi norrænu samtakanna „Hela Norden skal leva!“ frá 1987-2006 og var það kveikjan að verkefni Landsbyggðarvina. Frú Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, er verndari samtakanna „Hela Norden ska leva!“. „*Ég hef staðið við hlið Fríðu Völu í öllu hennar starfi að byggðaþróun, héraendis sem erlendis, allt frá byrjun (frá árinu 1987)*,” sagði Vigdís við verðlaunaafhendingu Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni þann 1. febrúar 2010.

Ný tækifæri í ljósi breyttra aðstæðna – Umskipunarhöfn stórflutninga milli Asíu og Evrópu á Íslandi?

Ljóst er, að í náinni framtíð munu sérútbúin stórflutningaskip geta brotið sér leið um Norður-Íshafið. Við það styttest leiðin milli Asíu og Evrópu til muna (sjá kort). Þar sem hin sérútbúna skip eru mjög dýr, þung og orkufrek hlýtur að vera heppilegt að hafa umskipunarhöfn

miðsvæðis á Norður-Atlantshafi. Í því efni er Ísland mjög vel staðsett, og því gætu ný tækifæri opnast.

Íslendingar þurfa að fylgjast vel með þessari þróun og vekja unga fólkið til vitundar og undirbúa sig fyrir að vera virkir þátttakendur í þessu efni - ekki bara áhorfendur. Þess vegna höfum við, Landsbyggðarvinir, leitað eftir að vera þátttakendur í *Samstarfi (landa) við Norður-Atlantshafið*, öðru nafni *NORA*, með áherslu á sjávarbyggðir, einkum og sér í lagi á *strjálbyggðar sjávarbyggðir á Íslandi*. Á ensku heitir verkefnið, „**Regional Development in Northern Communities, inspired by Young People**

Reykjavíkurborg, Byggða- og Siglingastofnun koma eða munu væntanlega koma að þessu verkefni, enda er það í takt við stefnu stjórnvalda um þátttöku í málefnum norðurslóða.

Ráðgjafarráð verkefnisstjóra skipa:

Þorsteinn Ingi Sigfússon, prófessor og forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík (HR)

Skúli Skúlason, fv. rektor Hólaskóla

Þá hefur Sigurbjörn Marinósson, yfirmaður skólamála á Austurlandi, verið verkefnisstjóra til aðstoðar í gegnum árin.

Verndari verkefnisins er Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fyrrum alheimsfegurðardrottning. Tekur hún virkan þátt í framkvæmd þess, hefur metnað fyrir hönd ungs fólks á Íslandi og ber hag verkefnisins fyrir brjósti.

3. Lokaorð.

Við hvetjum skólastjórnendur til að gefa nemendum sínum kost á að taka þátt í verkefni Landsbyggðarvina, nemendum sjálfum og öðrum til heilla.

Í umsögn skólastjóra að aflokinni þátttöku segir:

„Ég er ekki í vafa um að svona hugmyndavinna ýtir undir fjórri hugsun sem getur vel hrint einhverju af stað, þó að útkoman verði kannski ekki alveg eins og upphaflega hugmyndin. Að minnsta kosti eru þessir nemendur búnir að upplifa það, að það sem býr í einstaklingnum getur verið verðmætt ef það fær farveg og mun því þessi vinna áreiðanlega styrkja þeirra sjálfsmynd og nýtast til fleirri hliðstæðra verka í framtíðinni. Það er kannski ekki minnst um vert.“

Pálína Þorsteinsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Hofgarði, Örafum.

Víst er, að unglingar á 21. öldinni eru bráðþroska á sumum sviðum og vilja að eftir þeim sé tekið. Það er því mikilvægt að grípa þá til virkrar þátttöku þegar þeir sýna áhuga og vilja til að sinna þeim málum sem varða þá sjálfa og framtíðina. Kannski leynast þar helstu hugsuðir framtíðarinnar.

Vanmetum ekki unga fólkið!
Virðingarfyllst, f.h

Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni Fríða Vala Ásbjörnsdóttir, formaður

Þeir grunnskólar – með áherslu á jafna dreifingu á landsvísu - **sem taka þátt í verkefninu, skólaárið 2011-2012**, eru 8 af 10 - 12 mögulegum. Þeir eru:

Vesturland: **Auðarskóli í Dölum og Grunnskóli Snæfellsbæjar**
Vestfirðir: **Reykhólaskóli og Grunnskóli Vesturbyggðar**
Norðurland **Grunnskólinn á Raufarhöfn**
Suðurland **Stóru-Vogaskóli, Vogum** – Féll úr!
Stór-Rvík.sv. **Lækjarskóli, Hafnarfirði**

Þeir grunnskólar – sem þegar hafa staðfest/stefna á að taka þar þátt, skólaárið 2012-2013, eru:

Vesturland **Auðarskóli í Dölum**, staðfest í febr. 2012 – **Grunnskóli Snæfellsbæjar**
Vestfirðir **Reykhólaskóli** (með fyrirvara)
Norðurland **Grunnskólinn á Raufarhöfn**, líklega
Austurland **Grunnskóli Hornafjarðar**, staðf. 29/2 12
Suðurland **Grunnskólinn í Þorlákshöfn**, staðf. 2/3 2012
Stór-Rvík.sv. **Lækjarskóli í Hafnarfirði**, staðfest 23/2 2012

Þátttökuskólar í unglingaverkefninu 2011-2012

1. Auðarskóli í Dalabyggð
2. Grunnskóli Snæfellsbæjar
3. Reykhólaskóli
4. Grunnskóli Vesturbyggðar
5. Grunnskólinn á Raufarhöfn
6. Lækjarskóli í Hafnarfirði

Samstarfsaðilar í grunnskólum sem taka þátt í verkefninu, skólaárið 2011-2012, eru:

Eyjólfur Sturlaugsson, skólastjóri Auðarskóla í Dölum eyjolfur@audarskoli.is

Magnús

Þór Jónsson, skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar maggi@gsnb.is

Júlía Vala Guðjónsdóttir, skólastjóri Reykhólaskóla skolastjori@reykholar.is

Nanna Sjöfn Pétursdóttir, skólastjóri Grunnskóla Vesturbyggðar nanna@vesturbyggd.is

Jóhann Skagfjörð, skólastjóri Grunnskólans á Raufarhöfn johann@raufarhofn.is

Arna B. Arnardóttir, skólastjóri Lækjarskóla í Hafnarfirði arna@laekjarskoli.is

Verðlaunahafar í verkefni LBVRN vorið 2012

Lækjarskóli 9.bekkur

Alexander Z. Pétursson

Starkaður Pétursson

Patreksskóli 9.bekkur

Agnes D. Gestsdóttir

Birta E. Óskarsdóttir

Edda s. Ólafsdóttir

Guðmundur P. Halldórsson

Guðný M. Svavarsdóttir

Narfi Hjartarson

Róbert O. Leifsson

Unnsteinn S. Þórðarson

Reykhólaskóli 8.-10. bekkur

Daníel	James	Róbertssons,	7.	bekk
--------	-------	--------------	----	------

Fanney	Sif	Torfadóttir,	8.	bekk
--------	-----	--------------	----	------

Elínborg		Egilsdóttir,	9.	bekk
----------	--	--------------	----	------

Grétar	Birgir	Kristjánsson,	9.	bekk
--------	--------	---------------	----	------

Arnar	Ingi	Karlsson,	10.	bekk
-------	------	-----------	-----	------

Eydís Sunna Harðardóttir, 10. bekk

Grunnskólinn á Raufarhöfn 8.-10. Bekkur

Birgir Þór Björnsson 8. bekk

Birkir Rafn Júlíusson 8. bekk

Brynja Dögg Björnsdóttir 8. bekk

Friðrik Þór Ragnarsson 8. bekk

Hákon Breki Harðarson 8. bekk

Þórdís Sigtryggsdóttir 9. bekk

Arnór Einar Einarsson 10. bekk

Einar Hafsteinn Magnússon 10. bekk

Sigurpáll Gunnarsson 10. bekk

Rósa Björg Þórsdóttir 10. bekk

Niðurstaða og rökstuðningur fyrir vali bestu ritgerða 2011-2012

Verkefni Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni

Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir

Skólaárið 2011 – 2012

Dómnefndin í fyrri hluta verkefnisins "Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir" hefur komist að niðurstöðu um val á bestu ritgerðunum í verkefninu. Dómnefndin var skipuð þeim **Birni Halldórssyni framkvæmdastjóra, Ólafi Hersissyni arkitekt og Þórólfi Þórlindssyni prófessor.**

Dómnefnd vill hrósa og þakka öllum þeim sem tóku þátt í verkefninu, allar þær fjölmörgu hugmyndir sem settar voru fram lýsa hugmyndaríki, frumkvæði og áhuga á viðfangsefninu. Dómnefnd var því talsverður vandi á höndum en úr öllum þeim tillögum sem fram komu hefur dómnefnd komist að effirfarandi niðurstöðu:

1. – 2. verðlaun: Dómnefnd verðlaunar sameiginlega í 1. og 2. sæti **Elínborgu Egilsdóttur nemandi í 9. bekk og Fanney Sif nemandi í 8. bekk, báðar úr Reykhólaskóla.**

Elínborg sendi inn ritgerð sem nefna mætti **"Ilströnd við Þörungaverksmiðju"** og setur Elínborg fram áhugaverðar og metnaðarfullar tillögur að ferðamennsku á Reykhólum, hugmyndir Elínborgar byggja á að vekja athygli á landsins gæðum sem er að finna í hennar heimabyggð og má þar nefna hugmyndir um hestaleigu, siglingar og fuglaskoðunarferðir. Meginhugmynd Elínborgar er djörf og byggir á nýtingu jarðvarma sem rennur frá Þörungaverksmiðjunni og koma á fót ilströnd í líkingu við Bláa Lónið. Hugmyndir Elínborgar eru settar fram af sannfæringu, áhuga og einlægni, frágangur er skýr og góður.

Fanney Sif sendi inn ritgerð sem ber titilinn **"Reykhólar allan ársins hring"** og setur þar fram mjög áhugaverðar og sannfærandi tillögur að ferðamennsku á og kringum Reykhóla allan ársins hring. Hugmyndir Fanneyjar byggja á þeirri nátturuparadís sem Reykhólar eru og eru settar fram fjölmargar hugmyndir flokkaðar í viðburði eftir árstíðum. Sem dæmi um hugmyndir Fanneyjar má nefna selaskoðun, réttir, merktar gönguleiðir með áningastöðun, fuglaskoðun, hjólaferðir, sjósund og svo mætti lengi telja. Um er að ræða fjölbreyttar og vel raunhæfar tillögur sem allar eru sérlega vel rökstuddar. Framsetning er mjög góð og hugmyndirnar settar fram á skipulegan og skýran hátt. Þá vill dómnefnd sérstaklega hrósa Fanneyju Sif fyrir einstaklega fallegt ljóð í enda ritgerðarinnar. Full ástæða er til að óska þess að Fanney Sif láti ekki staðar numið við hér ljóðagerð sína.

3. verðlaun: Dómnefnd verðlaunar í 3. sæti **Elínu Huld Melsteð Jóhannesdóttur úr Auðarskóla í Dölum,**

Elín Huld sendi inn ritgerð sem ber titilinn **"Auður Djúpuðga"** og setur í ritgerð sinni fram nýstárlegar, áhugaverðar og metnaðarfullar tillögur að nýsköpun í ferðaþjónustu í heimabyggð höfundar. Meginhugmynd Elínar er að reist verði landnámssetur í Hvammi í Hvammssveit í Dölum tileinkað Auðu Djúpuðgu og Laxdælu en jafnframt verði þar aðstaða til að koma á framfæri núverandi og upprennandi listamönnum svæðisins. Í tengslum við fyrirhugað landnámssetur eru settar fram hugmyndir um merktar gönguleiðir, leiðsögn um svæðið og fleiri

áhugaverðar hugmyndir. Hugmyndirnar er settar fram af innlifun, augljósu innsæi og góðri þekkingu Elínar, sett er fram teikning sem lýsir hugmynd Elínar og ljósmyndir og kort til rökstuðnings, framsetning er öll til fyrirmyndar.

Viðurkenning: Þá vill dómnefnd koma á framfæri viðurkenningu til eins nemanda, þó að ekki hafi ritgerð hans ratað í verðlaunasæti að þessu sinni. Ritgerð **Starkaðs Péturssonar nemanda í 9. bekk í Lækjarskóla** hlýtur sérstaka viðurkenningu en í ritgerð sinn setur Starkaður fram margar góðar og sumar hverjar nýstárlegar hugmyndir sem frekar auðvelt er að framkvæma. Hugmyndir Starkaðs t.d. að nýtingu Víðistaðatúns til tónleikahalds, að gera upp gamla bæinn í upprunalegri mynd og að koma á fót bítlasafni í Hafnarfirði eru allt góðar og vel ígrundaðar tillögur. Starkaður hefur grandskoðað sína heimabyggði í leit að nýjum tækifærum.

Reykjavík, 21. janúar 2012

f.h. dómnefndar, Ólafur Hersisson

Blaðgrein að lokinni verðlaunaafhendingu 2012

Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni -verðlauna grunnskólanemendur fyrir góðar hugmyndir http://www.reykholar.is/adsendar_greinar/Tvo_ungmenni_i_Reykholaskola_fa_1-2_verdlaun/

Sunnudagur 5. febrúar 2012 | Hlynur Þór Magnússon

Tvö ungmenni í Reykhólaskóla fá 1. - 2. verðlaun

Afhending verðlauna fyrir bestu hugmyndir til góðs fyrir heimabyggðina í verkefni á vegum Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni, sem ber nafnið, **Heimabyggðin mín, nýsköpun heilbrigði og forvarnir**, fór fram í Háskólanum í Reykjavík 31. janúar sl.

Er þetta sjöunda árið í röð, sem verkefnið er á dagskrá á vegum Landsbyggðarvina, en það er ætlað grunnskólanemendum á aldrinum 12-16 ára og er markmið þess að hvetja ungt fólk til að hugsa um heimabyggð sína út frá þeim tækifærum, sem þar bjóðast, auk þess að vera um leið þroskandi og skemmtileg viðbót við hefðbundið skólanám. Verkefnið er unnið í góðri samvinnu við yfirvöld skólamála sem og skólastjóra og kennara.

Víst er, að verkefnið hefur áunnið sér ákveðinn sess í íslensku skólakerfi. Er það almennt álit skólanna, sem taka þar þátt, að sjálf vinnan við verkefnið gefi unga fólkinu ákveðið sjálfstraust, þá tilfinningu að vera tekið alvarlega og að á það sé hlustað!

Góð undirbúningsvinna er skilyrði fyrir góðum árangri, rýnivinna, gagnasöfnun sem og að geta komið efninu skýrt frá sér. Sú vinna skilar sér í færni við að takast á við fleiri áþekk verkefni seinna í skóla og/eða í lífinu

(ath. efla frumkvæði, færni m.a. til ákvarðanatöku).

Við verðlaunaathöfnina þakkaði fulltrúi dómnefndar, Ólafur Hersisson, arkitekt, öllum þeim sem tóku þátt í verkefninu, allar þær fjölmörgu hugmyndir sem settar voru fram lýsa hugmyndaríki, frumkvæði og áhuga á viðfangsefninu, svo að henni var talsverður vandi á höndum. Með Ólafi í dómnefnd voru: Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri og Þórólfur Þórlindsson, prófessor.

1.-2. verðlaun: Dómnefnd verðlaunar sameiginlega í 1.-2. sæti Elínborgu Egilsdóttur, nemanda í 9. bekk Reykhólaskóla og Fanney Sif Torfadóttur í 8. bekk sama skóla. Elínborg sendi inn ritgerðina „*Ilströnd við Þörungaverksmiðju*“ og setur hún fram áhugaverðar og metnaðarfullar tillögur að ferðamennsku á Reykhólum, sem byggja á að vekja athygli á landsins gæðum í hennar heimabyggð, Reykhólum. Meginhugmyndin er djörf og byggir á nýtingu jarðvarma sem rennur frá Þörungaverksmiðjunni og koma á fót ilströnd í líkingu við Bláa lónið. Hugmyndir Elínborgar eru settar fram af sannfæringu, áhuga og einlægni. Frágangur er skýr og góður.

Fanney Sif sendi inn rigerð sem ber titilinn „*Reykhólar allan ársins hring*“ og setur fram mjög áhugaverðar og sannfærandi tillögur að ferðamennsku á og kringum Reykhóla allan ársins hring. Hugmyndir Fanneyjar byggja á þeirri náttúruparadís sem Reykhólar eru og eru settar fram fjölmargar hugmyndir, flokkaðar eftir árstíðum. Sem dæmi um hugmyndir Fanneyjar má nefna selaskoðun, réttir, merktar gönguleiðir með áningastöðum, fuglaskoðun, hjólaferðir, sjósund og svo mætti lengi telja. Um er að ræða fjölbreyttar og vel raunhæfar tillögur sem allar eru sérlegta vel sökstuddar. Framsetning er mjög góð og hugmyndirnar settar fram á skiplegan og skýran hátt. Þá vill dómnefnd sérstaklega hrósa Fanneyju Sif fyrir einstaklega fallett ljóð í enda ritgerðarinnar. Full ástæða er til að óska þess, að Fanney Sif láti ekki staðar numið við hér ljóðagerð sína.

3. verðlaun: Dómnefnd verðlaunar í 3. sæti *Elínu Huld Melsteð Jóhannesdóttur úr Auðarskóla í Dölum,*

Elín Huld sendi inn ritgerð sem ber titilinn *“Auður Djúpuðga”* og setur í ritgerð sinni fram nýstárlegar, áhugaverðar og metnaðarfullar tillögur að nýsköpun í ferðaþjónustu í heimabyggð höfundar. Meginhugmynd Elínar er að reist verði landnámssetur í Hvammi í Hvammssveit í Dölum tileinkað Auðu Djúpuðgu og Laxdælu en jafnframt verði þar aðstaða til að koma á framfæri núverandi og upprennandi listamönnum svæðisins. Í tengslum við fyrirhugað landnámssetur eru settar fram hugmyndir um merktar gönguleiðir, leiðsögn um svæðið og fleiri áhugaverðar hugmyndir. Hugmyndirnar er settar fram af innlifun, augljósu innsæi og góðri þekkingu Elínar, sett er fram teikning sem lýsir hugmynd Elínar og ljósmyndir og kort til rökstuðnings, framsetning er öll til fyrirmyndar.

Viðurkenning: Þá vill dómnefnd koma á framfæri viðurkenningu til eins nemanda, þó að ekki hafi ritgerð hans ratað í verðlaunasæti að þessu sinni. Ritgerð **Starkaðs Péturssonar nemanda í 9. bekk í Lækjarskóla í Hafnarfirði** hlýtur sérstaka viðurkenningu en í ritgerð sinn setur Starkaður fram margar góðar og sumar hverjar nýstárlegar hugmyndir sem frekar auðvelt er að framkvæma. Hugmyndir Starkaðs t.d. að nýtingu Víðistaðatúns til tónleikahalds, að gera upp gamla bæinn í upprunalegri mynd og að koma á fót bítlasafni í Hafnarfirði eru allt góðar og vel ígrundaðar tillögur. Starkaður hefur grandskoðað sína heimabyggð í leit að nýjum tækifærum.

Í ræðu menntamálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, við verðlaunaathöfnina, kom fram, að menntamálaráðuneytið hyggst standa fyrir úttekt á, hvað hefur komið út úr þessu verkefni á næsta ári, sem er í raun 10. starfsár verkefnisins. Er það gert að ósk verkefnisstjórans, Fríðu Völu Ásbjörnsdóttur, formanns *Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni*, sem heldur því fram, að í dag sé unga fólk ekki aðein þyggjendur eins og margir halda fram, heldur líka eftirtektaer verðir hugsuðir, þegar vel lætur, umhverfi og aðstæður leyfa. Í ávarpi sínu í lokin sagði hún, að lýðræði sé seinvirkt, krefst umræðu, rökvisi, góðs skipulags, þrautseygju og þolinmæði. En lok verkefnisins verða í Norræna húsinu í maí 2012 og verða þá bestu lausnir kynntar. Við hlökkum því til vorsins!

Að lokum kom Fríða Vala á framfæri þakkir til allar þeirra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga sem hafa lagt **Landsbyggðarvinum** lið, sérstaklega til að gera *þessa athöfn* að veruleika, Háskólann í Reykjavík, Geir Ólafssyni, hönnuði verðlaunaspjaldanna og fyrirtækinu Pixel, bókaútgáfunni JPV og Bjarti Veröld, Reykjavíkurborg, Mannvit, Bílaleigu Akureyrar, Flugfélagi Íslands, Icelandic Glacial og veitingastaðnum Saffran, sem lagði til veitingar í lokin.

Dómnefndarálit
Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni 2012.
Lokaverkefni

Verkefnisstjóri: Fríða Vala Ásbjörnsdóttir

Verkefnið nefnist: Heimabyggðin mín nýsköpun, heilbrigði og forvarnir.

Þeir skólar sem skiluðu lokaverkefni voru:

1. Grunnskóli Raufarhafnar
2. Lækjarskóli í Hafnarfirði
3. Patreksskóli á Patreksfirði
4. Reykhólaskóli á Reykhólum

Í dómnefnd voru:

Eygló Bjarnardóttir lífeindafræðingur.

Guðrún Jónsdóttir arkitekt faí.

Dómnefndarmenn eru félagar í Landsbyggðavinum í Reykjavík og nágrenni.

Auk þeirra

Magnús Ólafs Hansson (verkefni á Patreksfirði).

Halldóra Játvarðardóttur (verkefni á Reykhólum).

Heildarniðurstaða dómnefndar:

Þáttakendur í verkefninu sýna mikla viðleitni til að bæta sitt samfélag með jákvæðum og fjölbreyttum hugmyndum. Þessu ber að fagna.

Fyrstu verðlaun hlýtur Patreksskóli.

Önnur verðlaun falla í hlut Reykhólaskóla.

Þriðju verðlaun fara til tveggja skóla.

a) Grunnskóla Raufarhafnar

b) Lækjarskóla í Hafnarfirði

Dómnefnd þakkar fyrir góðar móttökur og óskar öllum þessum frábæru þáttakendum til hamingju með sína vinnu og vonum að verkefnin fái brautargengi.

Dæmi um Verðlaunaverkefni og vinningshafa

2012-Verðlaunahafar í unglingaverk., síðari hluta í Grunnskóla Vesturbyggðar, Patreksskóla

Patreksskóli á Patreksfirði

9. bekkur

Nemendur sem unnu að verkefninu:

Agnes D. Gestsdóttir
Birta E. Óskarsdóttir
Edda s. Ólafsdóttir
Guðmundur P. Halldórsson
Guðný M. Svavarsdóttir
Narfi Hjartarson
Róbert O. Leifsson
Unnsteinn S. Þórðarson

Heiti verkefnisins: „Það er allt í lagi að láta sig dreyma“.

Hugmyndin er sú, að koma á fót unglingamiðstöð í Straumnesi, gömlu fiskvinnslu- og frystihúsi á Vatneyri í hjarta bæjarins. Húsið er hannað af húsameistara ríkisins Guðjóni Samúelssyni og byggt

1939. Hús eftir hann eru núorðið hátt metin í byggingararfi þjóðarinnar. Húsið var um tíma flottasta frystihús á Íslandi. Húsið liggur undir skemmdum og rætt hefur verið um að rífa það. Í þessu húsi láta krakkarnir sig dreyma um að koma sér upp aðstöðu fyrir margvíslegar unglingatómstundir t.d. veggjatennis, go kart braut, bogfimi, körfuboltavöll og félagsmiðstöð með kaffistofu. Óteljandi möguleikar eru í þessu stóra húsi.

Umsögn dómnefndar:

Greinilegt er að unga fólkið á Patreksfirði vantar félagsmiðstöð til að auka möguleika unglinganna til athafna og leikja. Þarna er stórt hús með sögu, sem lítið er notað og fullt af drasli. Hús sem þarfnast aðhlyningar. Hugmynd krakkanna um að nýta einmitt þetta hús fyrir starfseminu gæti haft mikla þýðingu fyrir samfélagið á staðnum í margvíslegu tillit. Auk bættrar aðstöðu fyrir unglunga væru þau að vinna að endurreisn merkrar byggingar á staðnum, sem gæti orðið stolt bæjarins þegar fram í sækir, fært honum mörg tækifæri og styrkt stöðu Patreksfjarðar á landsvísu.

Dómnefnd skipuðu:

Eygló Bjarnardóttir lífeindafræðingur. Félagi í LBVRN.
Guðrún Jónsdóttir arkitekt faí. Félagi í LBVRN.
Magnús Ólafs Hansson, Atvest. Félagi í LBVRN.

Dæmi um auglýsingu fyrir verðlaunaafhendingu

Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni, LBVRN

Verðlaunaafhending fyrir bestu lausnir í verkefninu, *Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir*, síðari hluta - hópverkefni

Hvernig getum við stuðlað að betri heimabyggð okkar?

verður haldin þriðjudaginn 15. maí í Norræna húsinu kl. 16-17

Dagskrá

Skólahljómsveit Vesturbæjar spila lög
Fundarsetning fundarstjóra
Vilhjálmur Bjarnason, lektor við Háskóla Íslands

Ávarp I

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands

Ávarp II

Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri

Stuttur inngangur um verkefnið

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir, verkefnisstjóri og formaður LBVRN

Bestu lausnir, sem stuðla að betri heimabyggð, kynntar

fjórir skólar: **Lækjarskóli, Hfj og Grunnskólinn á Raufarhöfn**
Reykholaskóli
Grunnskóli Vesturbyggðar, Patreksskóli

Fyrst segja skólustjóri og/eða sá kennari, sem hélt utan um verkefnið, *Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir*, frá því, hvernig þeir tóku á verkefninu og hvort verkefnið hafi verið íþyngjandi eða hvort þeir telja það geta verkað jákvætt á framþróun í heimabyggð og á skólamál almennt. **Í beinu framhaldi kynna nemendur hvers skóla lausn sína.**

Dómnefnd lýkur störfum. Í henni eiga sæti:

Eygló Bjarnardóttir, lífeindafræðingur
Guðrún Jónsdóttir, arkitekt

Verðlaunaafhending

Unnur Birna Vilhjálmisdóttir og hr. Ólafur Ragnar Grímsson afhenda verðlaunin

Ávarp til verðlaunahafa

Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, verndari verkefnisins og fv.ungfrú "heimur"

Ávörp sveitarstjórnenda vinningskóla, 2011 - 2012

Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps
Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar

Lokaorð

Ragna Árnadóttir, fv. ráðherra og stjórnarmaður í LBVRN

Veitingar að hætti Norræna hússins

Stjórn LBVRN

2012 Þakklæti til styrktaraðila unglunga verkefnisins

Landsbyggðarvinir vilja koma hér á framfæri þakklæti – til *allra* þeirra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga – sem hafa lagt okkur lið – *sérstaklega* - til að gera - *þessa athöfn* - að veruleika: Má þar nefna:

1. **Háskólinn í Reykjavík sem leggur okkur til húnæðið**
2. **Fyrirtækið Pixel og hönnuð spjaldanna, Geir Ólafssonar,**
sem eiga heiðurinn af gerð **verðlaunaspjaldanna!**
3. **Bókaútgáfan JPV**
4. **Bjartur og Veröld, bókaútgáfa**
5. **Reykjavíkurborg - SORPA**
6. **Mannvit, verkfræðistofa**
7. **Flugfélag Íslands**
8. **Bílaleigu Akureyrar**
9. **Fræðslusjóður Eflingar - stéttarfélags**
10. **Icelandic Glacial, sem leggur okkur til vatnið**
11. **Saffran, veitingastaður með áherslu á hollustu, leggur okkur til veitingar hér á eftir!**

Dæmi um dómnefndarálit í fyrri hluta

Verkefni Landsbyggðarvina í Reykjavík og nágrenni

Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir

Skólaárið 2014 – 2015

Dómnefndin í fyrri hluta verkefnisins "Heimabyggðin mín, nýsköpun, heilbrigði og forvarnir" hefur komist að niðurstöðu um val á ritgerðum til áframhaldandi útfærslu í verkefninu. Dómnefndin var skipuð þeim **Halldóri Árnasyni hagfræðingi og Ólafi Hersissyni arkitekt.**

Alls voru tekin til skoðunar ellefu verkefni frá þremur skólum; Grunnskóla Drangness, Grunnskóla Grundarfjarðar og Grunnskóla Vesturbyggðar, Patreksskóla. Að þessu sinni var bæði um að ræða ritgerðir á hefðbundnu rituðu formi en einnig skiluðu þrír nemendur sínum verkefnum í formi myndbanda. Dómnefnd vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í verkefninu, sérstaklega nemendum, sem allir lögðu sig fram við að rýna og ráða í gæði og eiginleika sinnar heimabyggðar. Einnig er kennurum og aðstendendum þakkað þeirra framlag og stuðningur. Dómnefnd vill hrósa öllum þátttakendum fyrir þær fjölmörgu hugmyndir sem settar voru fram sem margar hverjar lýsa hugmyndaáriki, frumkvæði og áhuga á viðfangsefninu. Allar ritgerðir voru áhugaverðar hver með sínum hætti og var dómnefnd því talsverður vandi á höndum. Eftir að hafa farið vandlega yfir framkomnar tillögur hefur dómnefnd þó komist að eftirfarandi niðurstöðu:

1. verðlaun: Dómnefnd verðlaunar í 1. sæti **Maríu Margréti Káradóttur nemanda í 7. bekk í Grunnskóla Grundarfjarðar.**

María Margrét sendi inn ritgerð sem nefna mætti "**Endurbætur á Paimpol garðinum**" og setur María þar fram áhugaverðar og metnaðarfullar tillögur að markvissum endurbótum á núverandi túni við Ölkelduveg á Grundarfirði sem nefnt er eftir bænum Paimpol í Frakklandi, vinabæ Grundarfjarðar. Tillögur Maríu byggja á betri nýtingu og endurskipulagningu núverandi túns og að bæta þannig Paimpol garðinn öllum bæjarbúum, sem og gestum og gangandi í Grundarfirði, til gagns og gamans. María gerir tillögu um endurskipulagningu garðsins t.d. með tilliti til bættar skjólmyndunar, gerð tjarnar úr polli og endurnýtingu núverandi íhluta garðsins. Hugmyndir hennar eru frjóar og áhugaverðar og sérstaklega vel fallnar til nánari útfærslu á seinni stigum verkefnisins. Hugmyndir Maríu Margrétar eru settar fram af sannfæringu, áhuga og einlægni, frágangur er skýr og góður.

2. verðlaun: Dómnefnd verðlaunar í 2. sæti **Karen Ösp Haraldsdóttur nemanda í 9. bekk í Grunnskóla Drangness.**

Karen Ösp sendi inn ritgerð sem ber titilinn "**Útsýnispallur við heitu pottana**" og setur fram mjög áhugaverðar og sannfærandi tillögur að gerð útsýnispalls við heitu pottana á Drangnesi. Hugmyndir Karenar byggja á nátturugæðum Drangness og miða að því að fanga útsýni og auka upplifun og skynjun. Karen leggur til að nota þau efni sem falla til af náttúrunnar hendi eins og frekast kostur er, t.d. rekavið. Tillagan er vel ígrunduð og áhersla er lögð á að skapa aðgengi fyrir alla. Þá leggur Karen til að á pallinum verði á sumrin sýning á ljósmyndum og teikningum. Hugmynd hennar að lásam ástarinnar, líkt og finna má í París og víðar, er skemmtileg og gefur útsýnispallinum rómantískan blæ.

Hugmyndir Karenar henta vel til nánari útfærslu á seinni stigum verkefnisins og eru settar fram af sannfæringu, áhuga og einlægni, frágangur er skýr og góður.

3. verðlaun: Dórnefnd verðlaunar í 3. sæti **Tönju Lilju Jónsdóttur úr Grunnskóla Grundarfjarðar.**

Í ritgerð **Tönju** eru settar fram áhugaverðar tillögur að endurbótum á tómstundaaðstöðu ungra sem aldna á Grundarfirði. Tanja setur fram hugmyndir um endurbætur á núverandi íþróttaaðstöðu og tækjakosti til íþróttaiðkunar við grunnskólann. Tanja vísar í að Grunnskóli Grundarfjarðar hafi náð frábærum árangri í skólahreysti án þess þó að hafa aðgang að skólahreystisbraut. Þá bendir Tanja á mikilvægi tónlistar í lífi barna á Grundarfirði og veltir upp hugleiðingum um endurbætur á aðstæðum til að æfa og stunda tónlistarnám. Ritgerð Tönju fjallar af einlægni um áhuga á meðal unglunga og barna á Grundarfirði að stunda heilbrigðar tómstundir á sviði íþróttar og tónlistar. Framsetning er góð.

Ritgerð Tönju er tilvalin til nánari útfærslu og leggur dórnefnd til að hún vinni tillögur sínar áfram og jafnvel í samvinnu við Björgu Hermannsdóttur og Brynju Gná Heiðarsdóttur, báðar úr Grunnskóla Grundarfjarðar, sem einnig áttu ritgerðir sem fjölluðu um áþekk atriði og Tanja.

Reykjavík, 9. janúar 2015

Halldór Árnason

Ólafur Hersisson

Reykhólar allan ársins hring

Inngangur

Ég heiti Fanney Sif Torfadóttir og ég er í 8.bekk í Reykhólaskóla. Reykhólar eru mikil náttúruparadís. Við höfum hér t.d. Barmahlíð, Breiðafjarðaejarnar, öll fjöllin, mikið af fuglum og margt margt fleira. Á Reykhólum er til frásögn af því þegar Grettir Ásmundarson bar naut á herðum sér frá sjó að bænum sínum og var nokkurra kílómetra leið að fara. Rithöfundurinn Gestur Pálson fæddist á Reykhólum og einnig eitt af höfuðskáldum Íslendinga, Jón Thoroddsen. Eina Þörungarverksmiðjan í heiminum er á Reykhólum.

Kostirnir við að búa á Reykhólum eru margir. Í fyrsta lagi, þá er þetta mjög lítil staður þar sem allir þekkjast og samskipti eru nán. Í öðru lagi þá er náttúran í kringum Reykhóla mjög falleg og fjölbreytileg. Fuglalífið er víðfrægt og það eru t.d. mjög góðar líkur að þú getir séð haförn fljúgandi yfir höfði þér. Gönguleiðirnar eru einnig frábærar í náttúrunni í dásamlegu landslagi. Á staðnum er dásamleg sundlaug, Grettislaug en hún er kennd við Gretti Ásmundason. Svo má ekki gleyma að nefna skólann okkar og leikskólann, en þar fer fram mikið og skemmtilegt starf.

Meginmál

Það er oft kvartað yfir því að ekki sé nóg um að vera úti á landi nema helst um sumarmánuðina. Ég tel að í Reykhólahreppi megi hafa viðburði allan ársins hring og ég er með nokkrar hugmyndir að því. Meiri starfsemi skapar meiri atvinnu og það leiðir af sér fólksfjölgun og staðurinn myndi stækka og verða menningarlegri. Allar byggðir byggja á því að nóg sé um að vera, næg atvinna og gott mannlíf og eftirfarandi hugmyndir hafa það að markmiði að efla byggðina og fá fólk til að skoða möguleikana sem bíða.

Haustviðburðir.

- ♥ *Selaskoðun.* Selir halda sig mest í Látrum yfir fengitímann og alveg þangað til selirnir eru orðnir vel syndir. Fengitími landsela er í ágúst og september og þeir kæpa á vorin í maí-júní. Farið væri á bát fyrir að Látrum og selirnir skoðaðir. Selir eru veiddir og þá væri náttúrulega hægt að fara í selsmökkun.

- ♥ *Berjatínsla í Barmahlíð.* Sagt er að bestu bláberin sé að finna á Vestfjörðum, en Norðarvert landið hefur haft orð á sér að vera með besta berjalandið. Úr bláberjum mætti útbúa alls konar góðmeti, hefðbundið sem óhefðbundið, sultur, safar, jafnvel krem o.s.frv.

- ♥ *Réttir* eru haldnar á haustin þegar féð er rekið af fjalli. Ferðamönnum þætti mjög gaman að fá að taka þátt í öllu því amstri sem fylgir göngum og réttum. Til þess að þetta mætti koma til framkvæmda, þá yrði að byggja um ferðarþjónustuna á svæðinu, bæði á Reykhólum sjálfum sem og í sveitunum í kring.

- ♥ *Gönguferð um Barmahlíð.* Á haustin er mjög fallegt í Barmahlíð því að þá skartar náttúran sínum dásamlegu haustlitum og þá er ekki amalegt að ganga um Barmahlíðina. Ef heppnin er með þá má sjá erni fljúga yfir með sínum stórfenglegu vængjatökum. Gönguleiðin sjálf er virkilega falleg. Ég hef sjálf orðið vitni að því að sjá erni á sveimi á þessu svæði og voru þeir að þjálfa ungana sína í að fljúga. Þetta var frábær lífsreynsla. Þessi viðburður tengist ferðarþjónustunni á einn eða annan hátt. Það mætti skipuleggja stakar gönguferðir fyrir gesti og gangandi en einnig gætu þessar gönguferðir verið hluti af stærri pakka. Að gönguferð lokinni biði gestanna heit kjötsúpa eða annar góður, þjóðlegur matur í anda haustsins.

Vetrarviðburðir

- ♥ *Skautafærð.* Í nágrenni Reykhóla er Beruvatn. Þangað má fara á skauta þegar vatnið frýs. Á svæðinu þyrfti þá að vera lítill skáli eða kofi þar sem hægt væri að að leigja skauta, hjálma og hlífar. Einnig væri upplagt að bjóða upp á kennslu á skauta því ekki eru allir færir á þessu sviði.
- ♥ *Vélsleða- og skíðaferðir á Þorskafjarðarheiði.* Mjög margir hafa áhuga á því að þeysa um náttúruna á vélsleða. Því væri upplagt að koma upp vélsleðaleigu eins og tíðkast víða og fara með ferðamenn upp á Þorskafjarðarheiði þegar nóg er af snjó. Einnig væri hægt að bjóða upp á skíðaferðir á sama stað og hafa því skíðaleigu á svæðinu. Á Þorskafjarðarheiði er upplagt að ganga um á gönguskíðum og jafnvel fara á svigskíði. Það myndi þá kalla á uppbyggingu ferðaþjónustu sem sérhæfir sig í skíðastöðum. Gönguskíði kosta ekki eins miklar framkvæmdir.

Vorviðburðir

- ♥ Eins og á haustin þá er Barmahlíðin falleg á öðrum árstíðum, t.d. á vorin. Náttúran er að vakna til lífsins, ungar að koma úr hreiðrum og trén að laufgast. Gönguferðir í Barmahlíð er því skemmtilegur kostur. Það þarf að koma upp góðri aðstöðu þar fyrir gesti og gangandi, s.s. fleiri nestisstaði, útsýnispalla, kort af svæðinu o.fl.
- ♥ Hjólaferðir er vinsæl íþrótt. Á Reykhólum ætti að reka hjólaleigu, þar sem hægt er að leigja fjallahjól og allan viðbúnað. Bæði geta ferðamenn farið þá sjálfir á hjóli um svæðið en einnig í skipulögðum hjólaferðum.

Sumarviðburðir

- ♥ *Fuglaskoðun.* Eins og fyrr segir þá er á Reykhólum er mjög fjölskrúðugt fuglalíf. Ferðaþjónustufólk myndi þá bjóða upp á skipulagðar fuglaskoðunarferðir. Eins þyrfti að setja upp skilti með myndum og fróðleik um fulga á svæðinu. Boðið upp á gönguferðir með nesti og fræðslu. Gönguferðir væru um Langavatn en einnig um fjörunnar.

- ♥ *Sjósund* eru að verða mjög algeng íþróttagrein og stunduð t.d. í Reykjavík. Hér mætti bjóða upp á sjósundsferðir frá höfninni eða öðrum heppilegum stað. Bjóða þyrfti upp á kennslu í sjósundi og einnig upp á allan búnað sem þarf. Á námskeiði yrði farið yfir helstu öryggisatriði sjósunds.
- ♥ *Jet Ski* á Berufjarðavatni er ein hugmynd sem mætti skoða. Ferðapjónustuaðilar yrðu þá að koma upp aðstöðu fyrir áhugasama um Jet Ski, leigja út allan búnað og vera með kennslu.
- ♥ Gönguferð um Barmahlíð er vinsælt á sumrin. Þá er skartar náttúran sínu fegursta og þá er upplagt að fara með nesti og nýja skó og ganga Barmahlíðina þvera og endilanga.

Lokaorð

Þessar hugmyndir eiga að efla menningu á staðnum. Virkja þarf fólkið sem býr í Reykhólasveit og fá alla með í því að auka fjölbreytina á svæðinu. Öll viljum við auka atvinnu, menningu og alls konar starfsemi. Svo má ekki gleyma öllu því sem nú þegar er gert á svæðinu, s.s. handverksmarkaðir, Reykhóladagar o.s.frv. Ferðamenn munu flykkjast á staðinn þegar þetta allt verður orðið að veruleika. Ég ætla að ljúka þessu með ljóði sem Jón Thoroddsen samdi um Barmahlíðina:

Barmahlíð

**Hlíðin mín fríða, hjalla meður græna,
blágresið blíða berjalautu væna,
á þér ástaraugu ungur réð ég festa,
blómmóðir besta.
Sá ég sól roða síð um þína hjalla,
og birtu boða brúnum snemma fjalla.
Skuggi skaust úr lautu, skreið und gráa stein,
leitandi leyna.**

Landsbyggðavinir

Heimabyggðin mín

Reykhólar allan ársins hring

